

Allianz Lebensversicherungs-AG**Almennir tryggingarskilmálar fyrir ÁhættuLíftryggingu E 7**

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar útskýra fyrir þér þær reglur sem gilda um samning þinn.

Skilmálarnir hafa að geyma reglur fyrir ýmsa þætti. Það merkir að við tilteknar aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við um tryggingarsamning þinn.

Í sumum samningum (t.d. samningum með sérstökum samþykktum um hvernig hagnaði skuli varið eða tryggingum innan hópsamninga) þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtar sérstaklega í „Sérstökum skilmálum“.

Ef tryggingarsamningurinn nær til fleiri þátta gilda Sérstakir skilmálar líka um þá. Í sérstöku skilmálunum er þátturinn áhættulíftrygging talinn sem grunnþáttur.

Ef þú vilt spyrja einhvers eða hefur einhverjar óskir varðandi tryggingu þína skaltu snúa þér til tryggingaráðgjafans eða til okkar.

Með kveðjum
Allianz Lebensversicherungs-AG

Efnisyfirlit:

- A Almenn um tryggingu þína
- B Almennir tryggingarskilmálar
- § 1 Hvað er tryggt?
- § 2 Hvernig öðlast þú hlutdeild í hagnaði okkar?
- § 3 Hvað sérreglur gilda í gjaldskrársamningi þeirra sem ekki reykja?
- § 4 Hvenær geturðu breytt tryggingunni í þátt elli- og eftirlífendalífeyris?
- § 5 Hvenær getur þú hækkað tryggðan höfuðstól við andlát?
- § 6 Hvenær hefst tryggingarverndin?
- § 7 Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldsgreiðslu?
- § 8 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta iðgjald á réttum tíma?
- § 9 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?
- § 10 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu eða uppsögn?
- § 11 Hve lengi má koma upprunalegri tryggingarvernd á að nýju hafi hún verið iðgjaldsfrí?
- § 12 Hvað gildir um iðgjaldsgreiðslur í atvinnuleysi eða í fæðingarorlofi?
- § 13 Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?
- § 14 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?
- § 15 Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?
- § 16 Hvað ber að hafa í huga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?
- § 17 Hvað felst í tryggingarskírteininu?

- § 18 Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar varðandi tryggingarsambandið?
- § 19 Hvað gildir lögum samkvæmt ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á heimilisfangi eða nafni þínu?
- § 20 Hver fær tryggingargreiðslurnar?
- § 21 Hvernig er kostnaður við samningsgerð og rekstur dreginn af iðgjöldunum?
- § 22 Fyrir hvaða kostnað getum við krafð þig um greiðslu sérstaklega?
- § 23 Hvaða réttarreglur gilda um samninginn?
- § 24 Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?
- C Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir áhættulíftryggingu

A Almenn um tryggingu þína

Fyrst langar okkur að skýra nokkur hugtök sem notuð verða í tryggingarskilmálunum.

Bótahöfuðstóll: Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er fundinn samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar, út frá forsendum iðgjaldaútreikningsins. Bótahöfuðstóllinn fæst með reikniprocentu uppsafnaðra iðgjalda sem og með hugsanlegum árlegum hagnaðarhlutum, hafi þeim ekki verið ráðstafað til greiðslu áhættu og kostnaðar.

Framlag í bótasjóð Tryggjendum er lögum samkvæmt skylt að mynda bótagreiðslusjóði til að mæta kröfum tryggingataka. Bótageiðslusjóðirnir samsvara þeirri upphæð sem þarf til að unnt sé að fjármagna, með framtíðariðgjöldum og vöxtum, tryggðu tryggingargreiðslurnar. Bótageiðslusjóðurinn er reiknaður út samkvæmt reglum verslunarrettar (HGB) §§ 341 e og f og reglugerðar um bótagreiðslusjóði.

Ráðandi gjaldskrárreglur: Á tryggingartímanum getur komið til breytinga á tryggingunni. Um breytta hluta tryggingarinnar gilda þá þær gjaldskrárreglur sem í gildi eru þegar breytingarnar eru gerðar.

Í þessum gjaldskrárreglum eru tilgreindar þær reikniforsendur sem beita ber við iðgjaldsútreikninga. Meðal þessara reikniforsendna eru frávisunarreglur af líffræðilegum toga svo sem dánartíðnitöflur, töflur yfir líkur á örorku- og umönnunartilvikum, og/eða reiknivextir.

Til greina koma reikniforsendur

- sem við ákváðum við gerð samningsins
- sem voru í gildi við síðustu breytingu
- sem við beittum á breytingardegi við gerð nýrra tryggingasamninga.

Aðrar reikniforsendur en giltu við samningsgerðina, eða við síðustu breytingu, getum við því aðeins lagt til grundvallar, að á breytingardegi gildi, við gerð nýrra sambærilega samninga, aðrar reikniforsendur fyrir útreikning á bótagreiðslusjóðum samkvæmt eftirlitsákvæðum og/eða opinberu álitum Deutsche Aktuarvereinigung e.V. (DAV) (Félags þýskra tryggingafræðinga).

Ef við leggjum aðrar reikniforsendur til grundvallar en lágu til grundvallar við samningsgerð eða við síðustu breytingu, gerum við þér grein fyrir breytingunni í tilkynningunni um breytinguna.

Reiknaður aldur: Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni – þar sem byrjuðu en enn óloknu æviári er bætt við, ef af því eru liðnir meira en 6 mánuðir.

Tryggingartaki: Tryggingartaki í skilningi þessara skilmála er sá sem sótti um trygginguna. Hann er nefndur svo í tryggingarskráeininu.

Hinn tryggði: Hinn tryggði í skilningi þessara skilmála er sá aðili – í félagatryggingu, sé annað ekki tekið fram, allir þeir aðilar, - sem tryggðir hafa verið með þættinum áhættulíftrygging. Réttindin og skyldurnar sem ákveðnar eru í skilmálanum eiga fyrst og fremst aðeins við um tryggingartakann sem samningsaðila okkar.

B Almennir tryggingarskilmálar

§ 1 Hvað er tryggt?

Falli hinn tryggði frá fyrir umsamin lok tryggingartímans greiðum við þann tryggða höfuðstól sem um var samið við slíkt tilvik. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við fráfall þess sem fyrstur deyr.

Falli fleiri en einn hinna tryggðu frá samtímis greiðum við tryggðan höfuðstól aðeins einu sinni.

§ 2 Hvernig öðlast þú hlutdeild í hagnaði okkar?

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum, samkvæmt § 153 laga um tryggingasamninga (Versicherungsvertragsgesetz (VVG)) hlutdeild í hagnaðinum og í matssjóðunum (hagnaðarhlutdeild). Hagnaðurinn er fundinn samkvæmt fyrirmælum HGB og eru tilgreindur árlega innan ramma ársuppgjörs okkar. Matssjóðirnir eru tilgreindir í viðauka við ársreikninginn.

Hagnaðurinn ræðst einkum af framvindu áhættu og kostnaði. Stærð matssjóðanna ræðst af fjármálamarkaðinum. Ekki er hægt að spá fyrir um alla áhrifavalda vegna þess hve langur samningstíminn er. Þar af leiðandi er ekki hægt að ábyrgjast hæð hagnaðarhlutdeildarinnar.

(1) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka

a) Hagnaður myndast ef dánartíðni og kostnaður verða hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Af þessum hagnaði fá tryggingartakar að minnsta kosti þann hluta iðgjalda endurgreiddan, sem reglugerðin um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda gerir ráð fyrir varðandi tryggingargreiðslur í framtíðinni.

Frekari hagnaður getur stafað af tekjum af fjárfestingum. Iðgjöld áhættutryggingar eru reyndar reiknuð á þann veg að þeirra er þörf til að rísa undir áhættu og rekstrarkostnaði. Til fjárfestinga sem skilað geta arði eru þar af leiðandi engar eða aðeins smávægilegar upphæðir til ráðstöfunar. Af nettótekjum þeirra fjárfestinga sem ætlaðar eru til tryggingargreiðslna í framtíðinni, samkvæmt § 3 í reglugerð um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda, fá tryggingartakar samtals að minnsta kosti þann hluta sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Af þeirri upphæð er fyrst fjármögnuð tryggð ávöxtun bótasjóðsins. Fjármagnstekjurnar sem þá eru eftir ráðstöfum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartaka.

b) Einstakar tryggingar leggja mis mikið af mörkum til hagnaðarins. Við höfum því sett sambærilegar tryggingar saman í flokka. Hagnaðarflokka myndum við í því skyni að taka tillit til eðlis áhættunnar sem verið er að tryggja, t.d. andláts- eða örorkuáhættu. Undirflokkar miðast við sérkenni samninga, t.d. upphaf tryggingar og form iðgjaldsgreiðslu.

Þeim hagnaði sem kemur í hlut tryggingartaka er deilt á flokkana í samræmi við framlag flokkanna til hagnaðarins.

c) Matssjóðir verða til ef markaðsvirði fjárfestinganna er hærra er bókfært virði þeirra í efnahagsreikningi. Hlutdeild í matssjóðum fer eftir orsakamiðaðri aðferð. Til áhættutrygginga renna reynda litlir eða engir matssjóðir, þar eð ekkert eða óverulegar upphæðir eru til ráðstöfunar til fjárfestinga sem myndað gætu matssjóði.

(2) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild samnings þíns

a) Til hvaða flokks tryggingarþáttur þinn telst má sjá í tryggingaupplýsingunum. Í samræmi við þá flokkun veitum við tryggingu þinni hlutdeild í áunnum hagnaði í byrjun hvers tryggingarárs. Hundradshluta hlutdeildarinnar í hagnaði birtum við í ársskýrslu eða tilkynnum þér um hann sérstaklega.

b) Umsamið iðgjald fyrir áhættulíftrygginguna myndar síðan þann prósentustuðul sem notaður er til að reikna út hagnaðarhlutdeildina á meðan iðgjöld eru greidd.

c) Ef trygging þín er iðgjaldsskyld fær hún með hverju iðgjaldi fastákefðinn hagnaðarhluta í prósentum af umsömu iðgjaldi. Hagnaðarhlutarnir reiknast um leið og iðgjöldin berast, allt eftir því hvernig þau eru greidd. Ef tryggingin er iðgjaldsfrí færðu enga hagnaðarhlutdeild.

§ 3 Hvaða sérreglur gilda í gjaldskrársamningi þeirra sem ekki reykja?

(1) Hugtakið reyklaus

Reyklaus er sá sem ekki hefur reykt nikótín síðustu 12 mánuði fyrir umsóknina og er staðráðinn í því að reykja ekki framvegis. Að reykja merkir að neyta logandi tóbaks, til dæmis neysla sigaretta, smávinbla, vindla eða píputóbaks.

(2) Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Fram að afhendingu samningsyfirlýsingarinnar er þér skylt að greina okkur sannleikanum samkvæmt og undandráttafalaust frá því hvort þú reykir. Eigi að tryggja líf einhvers annars, ber hann - auk þín - ábyrgð á því að yfirlýsingin sé sönn.

(3) Aukin áhætta eftir samningsgerð

Aukin áhætta er til staðar ef hinn tryggði byrjar að reykja eftir samningsgerð. Við tökum að okkur tryggingarverndina í trausti þess að þú aukir ekki hættuna eftir samningsgerð án samþykkis okkar eða leyfir að hún sé aukin. Ef líf annars manns er tryggt er sá - auk þín - ábyrgur fyrir því að hættan verði ekki aukin eftir samningsgerð.

Auki hinn tryggði samt áhættuna eftir samningsgerð er þér, og einnig hinum tryggða, skylt að tilkynna okkur það skriflega tafarlaust.

(4) Réttaráhrif við brot á tilkynningaskyldu eða aukna áhættu

a) Aðlögun iðgjalds vegna aukinnar áhættu

Við nýtum okkur ekki þann lagalega rétt okkar að segja samningnum upp vegna aukinnar áhættu, eða að undanskilja auknu áhættuna úr tryggingarverndinni. Verði áhættan aukin samkvæmt 3. lið, getum við krafist samsvarandi hærra iðgjalds í samræmi við grundvallar viðskiptareglur okkar, afturvirkir frá þeim tíma þegar áhættan var aukin. Hækkun iðgjalds kemur þó ekki til greina ef þú sannar fyrir okkur að þú áttir ekki hlut í að auka áhættuna.

Ef þú eða einn hinna tryggðu viðurkennir eftirá hækkaða áhættu samkvæmt 3. lið og okkur er ekki greint frá því, er okkur heimilt að hækka iðgjöldin eins og að ofan greinir þó svo að þú eigir þar ekki hlut að máli.

Réttur okkar til iðgjaldshækkunar fýrnist ef við nýtum okkur hann ekki innan mánaðar frá þeirri stundu þegar okkur barst vitneskja um aukna áhættu.

Iðgjaldshækkun hefur engin áhrif á hæð tryggðu bótagreiðslunnar. Ef við hækkum iðgjaldið um meira en 10% geturðu sagt samningnum upp fyrirvaralaust innan eins mánaðar frá því er þér barst tilkynning okkar um iðgjaldshækkunina.

b) Lækkun bóta komi til bótamáls

Ef okkur var, þegar umsóknin var lögð fram, visvítandi greint rangt frá reykingavenjum hins tryggða, eða ef áhættan samkvæmt 3. lið var aukin af ráðnum hug, takmarkast tryggðar bætur við andlát hins tryggða við einn þriðja umsamins tryggðs höfuðstóls sem um var samið fyrir það tilvik. Þessi lækkun bótaskyldu okkar gildir ekki ef aukin áhættan eða röngu upplýsingarnar um reykingavenjur hins tryggða við samningsgerð voru þess ekki valdandi að til bótamáls kom. Komi til aukinnar áhættu munum við ekki grípa til þess ráðs að skerða bætunum ef liðin eru meira en 10 ár frá áhættuaukningu til bótamáls. Ef gefnar eru rangar upplýsingar fyrir samningsgerð áskiljum við okkur ítrekað rétt til véfengingar vegna sviksamlegra blekkinga.

(5) Sannprófun

Við eigum rétt á að sannreyna hvort hinn tryggði eða hinir tryggðu reyki. Í könnunarskyni getum við krafist viðeigandi upplýsinga á okkar kostnað og einu sinni á ári læknisskoðunar á hinum tryggða eða hinum tryggðu hjá læknum á okkar vegum. Ef hinn tryggði eða, í félagatryggingum, einn hinna tryggðu verður ekki við slíkri beiðni af okkar hálfu, hækkum við iðgjaldið samkvæmt 4. mgr. a.

§ 4 Hvenær geturðu breytt tryggingunni í þátt elli- og eftirlifendalífeyris?

Þú getur breytt áhættulíftryggingunni í sambland ellilífeyrisþáttar (framtiðarlífeyrir eða framtiðarhöfuðstóll) og eftirlifendalífeyrisþáttar (höfuðstóll við andlát) án nýrrar áhættukönnunar. Fyrir nýju þættina geturðu valið nýtt tryggingartímabil og nýjan iðgjaldsgreiðslutíma.

Forsendur fyrir umbreytingunni eru:

- Við gerð áhættulíftryggingarinnar var upphaflega samið um fastan tryggðan höfuðstól við andlát út allan tryggingartímam.
- Tryggður höfuðstóll úr nýja þættinum höfuðstóll við andlát er á öllum nýja tryggingartímanum ekki hærri en upphaflegi tryggði höfuðstóllinn við andlát.
- Þú verður að sækja um umbreytinguna í síðasta lagi fyrir lok 10. tryggingarársins. Hafirðu samið um í mesta lagi 10 ára tryggingartíma geturðu umbreytt tryggingunni allt að þremur mánuðum fyrir lok tryggingartímans.
- Þú verður að sækja um umbreytinguna fyrir lok 60. æviárs hins tryggða eða hinna tryggðu.

Hafir þú innfalið að minnsta kosti einn örorkubótaþátt gildir:

- Örorkubótaþáttum er því aðeins hægt að halda áfram án nýrrar áhættukönnunar vegna umbreyttu tryggingarinnar að tryggingar- og iðgjaldsgreiðslutími eftir umbreytinguna haldist óbreyttur.
- Breytist þessi tímaskeið eftir umbreytinguna er aðeins hægt að halda örorkubótaþáttinum áfram ef niðurstaða úr nýrri áhættukönnun leyfir það.

Þú getur umbreytt tryggingu fyrir tvo féлага án nýrrar áhættukönnunar í tvær þáttasamsetningar fyrir líftryggingu hvors aðila um sig.

Forsenda fyrir því er að heildarupphæð nýju tryggðu höfuðstólanna við andlát verði ekki hærri en upphaflegur höfuðstóll við andlát. Tryggingum fyrir fleiri en tvo féлага er ekki hægt að umbreyta. Iðgjöld fyrir nýju tryggingarnar eru ákveðin samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Um þau gilda ráðandi gjaldskrárreglur. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

§ 5 Hvenær geturðu hækkað tryggðan höfuðstól við andlát?

Í tryggingu þinni geturðu hækkað tryggðan höfuðstól við andlát án nýrrar læknisskoðunar við eftirfarandi atburði:

- við fæðingu barns hins tryggða eða ef hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling
 - ef hinn tryggði gengur í hjónaband
 - ef hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem reksturinn krefst aðildar að fagráði atvinnugreinarinnar
 - við lok starfsmenntunar eða við byrjun þátttöku hins tryggða í atvinnulífínu
- hinn tryggði tekur lán til að fjármagna fasteign til eigin nota að verðgildi minnst 100.000 EUR.

Í félagatryggingum nægir að einn hinna tryggðu fullnægji ofangreindum skilyrðum.

Að öðru leyti gilda eftirfarandi forsendur:

- Fara verður fram á hækkunina innan 6 mánaða frá því að ofanefndir atburðir gerast
- Hinn tryggði er ekki kominn yfir 53 ára reiknaðan aldur
- hinn tryggði er ekki óvinnufær

Um hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát gilda eftirfarandi takmörk:

- Lágmarksupphæð: 2.500 EUR
- Hámarksupphæð: 25.000 EUR
- Hámarksupphæð við fleiri en eina hækkun: samtals 50.000 EUR.

Hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát fer eftir ríkjandi gjaldskrárreglum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

Ef fleiri þættir eru innfaldir gildir:

Örorkulífeyrisþáttur eða þátturinn höfuðstóll við andlát af slysförum eru ekki hækkaðir með.

§ 6 Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst við lok samningsgerðar, þó ekki fyrir þann byrjunartíma sem tilgreindur er í tryggingaskírteininu. Tryggingarverndin hefst því aðeins á umræddri stundu að þú greiðir fyrsta iðgjaldið á réttum tíma í skilningi § 7.

§ 7 Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldsgreiðslu?

(1) Fyrir þessa tryggingu skal greiða iðgjöld jafnóðum fyrir hvert tryggingartímabil. Eftir því hvernig samið er um iðgjaldagreiðslur og tilgreint er í tryggingaskírteininu er greiðslutímabilið einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár.

(2) Fyrsta iðgjaldið ber að greiða strax eftir gerð tryggingarsamningsins. Hafi verið um það samið að tryggingarverndin skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfella fyrsta iðgjaldið þá. Framhaldsiðgjöld gjaldfalla, hafi ekki verið um annað samið, fyrsta dag fyrsta mánaðar hvers umsamins tryggingartímabils. Ef samið var um mánaðarlegar greiðslur eru iðgjöld greidd með skuldfærslu.

(3) Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma, ef þú á gjalddaga aðhestfatarlaust allt það sem þarf til að greiðslan berist okkur.

Ef samið var um að iðgjaldið væri innheimt af reikningi (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu. Hafi ekki verið hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar hjá þér skriflega.

Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að innheimta iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins. Ef samið var um mánaðarlegar greiðslur breytum við í því tilviki iðgjaldsgreiðsluhætti í ársfjórðungslegar greiðslur.

(4) Yfirfærsla iðgjalda þinna gerist á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

§ 8 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta iðgjaldið á réttum tíma?

(1) Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjaldið sé greitt á tilskyldum tíma. Ef þú greiðir fyrsta iðgjaldið ekki á tilskyldum tíma, þá hefst tryggingarverndin ekki fyrr en á því augnabliki sem þú innir iðgjaldið af hendi. Við bótamál sem upp koma í millitíðinni, erum við ekki bótaskyld. Bótaskylda okkar helst, ef þú sýnir fram á að þú áttir ekki sök á greiðslufallinu.

Við getum aðeins borið við lausn frá bótaskyldu ef við höfum bent þér sérstaklega og með skriflegum hætti í tryggingarskránni á réttarfarlegar afleiðingar þess að greiða ekki á réttum tíma.

(2) Ef þú greiðir fyrsta iðgjaldið ekki á réttum tíma getum við sagt samningnum upp, á meðan þú hefur ekki greitt greiðsluna. Ekki kemur til uppsagnar ef þú getur sannað að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

§ 9 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

(1) Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma, ert þú kominn í vanskil, án frekari greiðsluáskorana. Það teljast ekki vanskil ef greiðslufallið verður af orsökum sem þú berð ekki ábyrgð á. Komi til vanskila eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

(2) Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á tilskyldum tíma getum við veitt þér greiðslufrest skriflega á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að minnsta kosti tveimur vikum.

(3) Í bótamáli sem upp koma eftir veittan greiðslufrest fellur niður eða rýrnar tryggingarverndin ef þú ert enn í vanskilum þegar til bótamálsins kemur. Forsenda þessa er að við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif þegar greiðslufresturinn var veittur.

(4) Þegar veittur fresturinn er liðinn getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests, ef iðgjöld, vextir eða kostnaður eru enn í vanskilum. Forsenda þessa er að við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif þegar greiðslufresturinn var veittur. Við getum lýst yfir uppsögn samtímis því sem við veitum þér greiðslufrestinn. Hún tekur þá sjálfkrafa gildi þegar fresturinn rennur út ef þú ert þá enn í vanskilum. Við munum líka benda þér á þessi réttaráhrif.

(5) Þú getur meira að segja greitt fjárkröfuna eftir að uppsögn okkar hefur tekið gildi. Eftirgreiðslan getur aðeins farið fram innan eins mánaðar frá uppsögninni, eða, ef uppsögnin kom fram strax við veitingu frestsins, innan eins mánaðar frá því að fresturinn rann út. Greiðirðu innan þessa tíma telst uppsögnin ógild og samningurinn heldur áfram. Fyrir bótamál sem upp

koma milli þess að fresturinn rennur út og greiðslan berst, gildir engin eða aðeins takmörkuð tryggingarvernd.

§ 10 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu eða uppsögn?

Við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir, geturðu skriflega látið leysa þig undan iðgjaldsgreiðsluskilyldu.

(1) Breyting á tryggingunni við iðgjaldsundanþágu

a) Óskirðu eftir iðgjaldsundanþágu skerðum við tryggðan höfuðstól samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum til grundvallar reiknaðan bótahöfuðstól á þeirri stundu þegar iðgjaldsundanþágan hefst. Bótahöfuðstóllinn nemur þó að minnsta kosti þeirri upphæð sem fæst eftir jafna dreifingu samningsgerðar- og rekstrarkostnaðar, - með hliðsjón af hæstu stigum Zillmer-aðferðarinnar að mati opinberra eftirlitsaðila - á fyrstu fimm tryggingarárin, en þó aldrei á fleiri ár en sem svarar iðgjaldsgreiðslutímanum. Frá upphæðinni sem myndast í tryggingunni, og ráðstafa má til að byggja upp iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól, dregst síðan tiltekinn frádráttur samkvæmt 2. mgr. § 165 í tengslum við 5. mgr. § 169 í VVG (sjá málsgrein 1b).

Útreikningur iðgjaldsfrírra bóta gerist í lok þess tryggingartímabils sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

b) Um árlegan frádrátt tryggingarinnar á tryggingartímanum má lesa í tryggingaupplýsingunum. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis tilgreindar.

Ef þú sannar fyrir okkur að ástæður frádráttarins eigi ekki við í þínu tilviki eða að frádrátturinn skuli vera lægri, þá fellur frádrátturinn niður eða lækkar að sama skapi.

c) Þú getur þó aðeins haldið tryggingu þinni áfram iðgjaldsfrírrí ef iðgjaldsfrír tryggður höfuðstól nær lágmarksupphæð sem nemur 2.000 EUR. Annars fellur tryggingin niður.

(2) Ókostir iðgjaldsundanþágu

Að gera tryggingu iðgjaldsfría hefur ókosti í för með sér. Í byrjun tryggingartímans er enginn iðgjaldsfrír tryggður höfuðstól fyrir hendi vegna gjaldfærslu samningsgerðar- og rekstrarkostnaðar (sjá § 21). Næstu ár eru heldur engin eða aðeins óveruleg iðgjöld til ráðstöfunar til að byggja upp iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól, vegna þeirra áhættuiðgjalda sem nauðsynleg eru. Nánari upplýsingar um iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól er að finna í tryggingargögnunum.

(3) Uppsögn

Þú getur hvenær sem er sagt tryggingunni upp skriflega í lok hvers mánaðar.

Þú átt hvorki rétt á endurkaupsvirði né endurgreiðslu greiddra iðgjalda.

§ 11 Hversu lengi eftir að trygging var gerð iðgjaldsfrí er hægt að endurheimta upphaflegu tryggingarverndina?

(1) Innan 6 mánaða frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí geturðu krafist þess að með því að hefja á ný greiðslu iðgjalda hækki tryggðar greiðslur aftur upp í sömu hæð og giltu um tryggingarverndina án áhættumats áður en tryggingin var gerð iðgjaldsfrí.

Þegar örorkuþáttur er innifalinn er það forsenda að hinn tryggði sé ekki óvinnufær á þeim tímapunkti þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast á ný.

(2) Að liðnum 6 mánuðum, en aðeins innan 3ja ára frá því tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, geturðu sótt um að með því að hefja iðgjaldsgreiðslur á ný hækki tryggður höfuðstól aftur í þá upphæð sem gildi um tryggingarverndina áður en tryggingin var gerð iðgjaldsfrí.

Forsenda þess að tryggingarverndin, eins og hún var áður en tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, verði endurheimt er, að áhættuáðstæður hins tryggða, þegar breytingin á samningnum á sér stað, heimili okkur, samkvæmt grundvallarreglum okkar um tryggingarhæfni, að gera sambærilega nýja tryggingu án þyngri skilmála.

(3) Iðgjöldin vegna þess tíma sem var iðgjaldsfrír er hægt að inna af hendi eftirá. Í stað þess er einnig hægt að lækka tryggðan höfuðstól eða greiða hærri reglubundin iðgjöld. Hækkuð reglubundin iðgjöld eða lægri tryggður höfuðstóll verða reiknuð samkvæmt þeim gjaldskrárrögum sem ríktu þegar tryggingarsamningurinn var gerður. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin sé þess óskað.

§ 12 Hvað gildir um iðgjaldsgreiðslur í atvinnuleysi eða í fæðingarorlofi?

(1) Sem undantekning frá § 10 og § 11 gildir um atvinnuleysi eða fæðingarorlof að þú getur gert samninginn iðgjaldsfrían tímabundið í 12 mánuði. Að iðgjaldsfría tímabilinu loknu heldur samningurinn sjálfkrafa áfram, iðgjaldsskyldur. Önnur ákvæði §§ 10 og 11 haldast óbreytt.

(2) Atvinnuleysi og fæðingarorlof þarf að sanna fyrir okkur að sama skapi, t.d. með viðeigandi vottorði viðkomandi vinnuálastofu. Lok atvinnuleysis eða fæðingarorlofs ber þér að tilkynna okkur tafarlaust.

§ 13 Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?

(1) Fram að afhendingu samningsyfirlýsingar þinnar er þér skylt að tilgreina, sannleikanum samkvæmt og án undanbragða, allar þær aðstæður sem máli skipta sem þér er kunnugt um og við spurðum um skriflega. Máli skipta aðstæður sem ráða miklu um þá ákvörðun okkar að gera samning af umsömdu tagi.

Þegar við, í framhaldi af umsóknaryfirlýsingu þinni, en áður en til samþykktar kemur, spyrjum skriflega um aðstæður sem skipta máli, er þér líka að sama skapi skylt að tilgreina þær.

(2) Eigi að tryggja líf einhvers annars er sá líka, - auk þín - , ábyrgur fyrir sönnum og undandráttalausum svörum við skriflegu spurningunum.

(3) Geri einhver samninginn fyrir þína hönd og sé honum kunnugt um aðstæðurnar sem skipta máli eða vinni hann með sviksamlegum hætti, tókum við þér eins og hefðir þú haft vitneskju þar um eða þagað yfir aðstæðunum sviksamlega.

(4) Um afleiðingar þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu má lesa í § 19 til 22 VVG. Samkvæmt þeim forsendum sem þar eru nefndar getum við rift samningnum, undanþegið okkur bótaskyldu, véfengt samninginn vegna sviksamlegrar blekkingar eða öðlast rétt til að aðlaga samninginn.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða samningsaðlögunar stofnast því aðeins að við greinum þér sérstaklega með skriflegum hætti frá afleiðingum þess að brjóta gegn tilkynningaskyldunni. Umræddan rétt getum við aðeins nýtt okkur innan 5 ára frá samningsgerð. Þetta á ekki við um bótamál sem upp hafa komið fyrir lok þessa frests. Hafir þú eða hinn tryggði brotið gegn tilkynningaskyldunni af ráðnum hug eða sviksamlega, nemur fresturinn tíu árum.

(5) Ef við, innan ramma samningsaðlögunar, hækkuum iðgjaldið um meira en 10% eða undanskiljum áhættuáðstæður sem ekki hafa verið nefndar áður, getur þú sagt samningnum upp samkvæmt 6. mgr. § 19 VVG.

(6) Málsgreinar 1 til 5 gilda, eftir atvikum, við rýmkandi breytingar á bótaskyldu okkar eða við endurupptöku tryggingarinnar. Frestur samkvæmt 4. málsgrein hefst á ný við umbreytingar eða endurupptöku tryggingarinnar hvað varðar umbreytta eða endurupptekna hlutann.

Sé réttur til umbreytinga samkvæmt þessum fyrirmælum nýttur (riftun, uppsögn eða aðlögun samnings) þarf það að gerast skriflega, hvort heldur sem rétturinn er nýttur af þinni hálfu eða okkar. Svo framarlega sem þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem fulltrúa, telst, að þér látnum, viðtökufulltrúi hafa umboð til að taka á móti yfirlýsingu frá okkur.

Sé viðtökufulltrúi heldur ekki til staðar, eða sé ekki unnt að hafa upp á dvalarstað hans, getum við litið á handhafa tryggingarskírteinisins sem réttmætan viðtakanda yfirlýsingarinnar.

§ 14 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?

(1) Grundvallarreglan er að bótaskylda okkar gildir óháð því hvaða ástæður valda bótamálinu. Við veitum sérstaklega einnig tryggingarvernd ef hinn tryggði lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Við andlát hins tryggða, eða eins hinna tryggðu í félagatryggingu, í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök fellur greiðsluskylda okkar niður.

Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands og tók ekki virkan þátt í.

(3) Við fráfall hins tryggða, eða eins hinna tryggðu í félagatryggingu, í beinum eða óbeinum tengslum við notkun kjarna-, lífrænna- eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði takmarkast greiðsluskylda okkar við útborgun samkvæmt reglum málsgreinar 2. Þetta gildir aðeins ef notkunin eða losunin miðar að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Málsgrein 2 helst óbreytt.

Þessi takmörkun á bótaskyldu okkar fellur þó niður ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón. Skilyrðin fyrir því að takmörkun bótaskyldunnar falli niður skal óháður matsmaður sannreyna og staðfesta.

§ 15 Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?

(1) Við sjálfsvíg greiðum við bætur ef 3 ár eru liðin frá gerð samningsins.

(2) Við sjálfsvíg af ráðnum hug fyrir lok þriggja ára frestsins gildir tryggingarverndin aðeins ef okkur er sannað að vígið hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga.

§ 16 Hvað ber að hafa í huga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?

(1) Greiðslur úr samningnum innum við af hendi gegn framvísun tryggingarskírteinisins.

(2) Andlát hins tryggða ber að tilkynna okkur tafarlaust. Auk tryggingarskírteinisins ber að afhenda okkur:

- opinbert vottorð um fæðingardag
- opinbert dánarvottorð þar sem tilgreind eru aldur og dánarstaður
- nákvæmt vottorð lækis eða embættis um dánarorsök og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró hinn tryggða til dauða.

(3) Til að sannreyna greiðsluskyldu okkar getum við krafist frekari nauðsynlegra sannana og sjálf gert nauðsynlegrar rannsóknir eins og til dæmis varðandi reykingarvenjur. Kostnað sem tengist gagnaöfluninni ber sá sem krefst tryggingargreiðslunnar.

(4) Við millifærum greiðslu okkar til móttökuréttshafa á hans kostnað. Við millifærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber móttökuréttshafi einnig áhættuna sem því tengist.

§ 17 Hvað felst í tryggingarskírteininu?

(1) Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til þess að hafa umráð yfir réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við greiðslum.

(2) Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 4. mgr. § 18 þurfum við aðeins að fallast á sönnunina ef við höfum móttekið skriflega tilkynningu fyrri réttshafa.

§ 18 Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið?

Tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið geta haft viðtæk áhrif. Þær ættu einnig að vera skriflegar eða á textaformi, jafnvel þó svo að hvorki sé gert ráð fyrir því í lögum né í samningnum.

§ 19 Hvað gildir lögum samkvæmt ef þú tilkynnir okkur ekki breytingar á heimilisfangi eða nafni þínu?

(1) Hafirðu ekki tilkynnt okkur um breytt heimilisfang eða nafn, getum við sent viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt og á það nafn sem okkur var síðast kunnugt um. Yfirlýsingin telst hafa borist þér þremur dögum eftir að bréfið var sent.

(2) Ef þú hefur tilgreint heimilisfang vinnustaðar í tryggingunni, þá gildir 1. mgr. um flutning vinnustaðar á sama hátt.

(3) Ef þú dvelur langdvölum utan Sambandslýðveldisins Þýskaland, ættir þú, líka eigin hagsmuna vegna, að tilnefna einhvern sem býr innanlands og hefur umboð til að taka við tilkynningum okkar til þín (póstfulltrúi).

§ 20 Hver fær tryggingargreiðslurnar?

(1) Greiðslur samkvæmt samningnum innum við af hendi til þín sem tryggingartaka eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfurnar samkvæmt samningnum þegar til bótamáls kemur (viðtökufulltrúi). Þangað til að bótamáli kemur getur þú afturkallað rétt viðtökufulltrúa hvenær sem er.

(2) Þú getur kveðið skýrt á um að viðtökufulltrúi eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum strax og órifanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að nema þennan rétt viðtökufulltrúans úr gildi með samþykki þess sem þú tilgreindir.

(3) Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum.

(4) Veiting og afturköllun réttinda viðtökufulltrúans og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur þegar fyrrverandi viðtökufulltrúi hefur tilkynnt okkur um það skriflega. Fyrrverandi viðtökufulltrúi er yfirleitt þú; en það geta líka verið aðrir ef þú hefur gert slíkar ráðstafanir áður.

§ 21 Hvernig er kostnaður við samningsgerð og rekstur dreginn af iðgjöldum þínum?

Við iðgjaldsútreikninga dreifum við áætluðum samningsgerðar- og rekstrarkostnaði með jöfnum árlegum upphæðum á að minnsta kosti fimm ára tímabil, en ekki lengur en til loka iðgjaldsgreiðslutímabilsins.

§ 22 Fyrir hvaða kostnað getum við krafist þig um greiðslu sérstaklega?

(1) Ef eitthvað af þínum völdum orsakar aukaleg stjórnsýsluumsvíf getum við – ef ekki var samið um annað –

gjaldfært sérstaklega sem fast gjald meðaltalskostnaðinn í slíkum tilvikum. Þetta gildir við:

- útgáfu aukaeintaks af tryggingarskírteini eða afrit af tryggingarskírteininu
- veitingu gjaldfrests ef framhaldsiðgjöld voru ekki greidd
- vanskil iðgjalda
- endursendingar í skuldfærslukerfi
- breytingar á samningi
- gerð afsals og veðsetningu
- öflun yfirlýsinga einstaklinga um lausn undan þagnarskyldu
- iðgjaldssendingar þínar frá stað eða greiðslusendingar frá okkur til staðar utan Sambandslýðveldisins Þýskaland.

(2) Hæð kostnaðar af ástæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. má sjá í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti. Við getum breytt kostnaðinum til frambúðar ef sanngjarnt má teljast (sjá § 315 Borgaralegrar lögbókar (BGB)). Það kostnaðaryfirlit sem í gildi er hverju sinni má fá hjá

okkur hvenær sem er. Ef kostnaður sem stofnast af ástæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. er ekki skráður í kostnaðaryfirlitinu helst 1. mgr. þó ósnortinn.

(3) Þú hefur möguleika á að færa sönnun á að í tilfalli af þínum völdum hafi ekki orðið til nein eða minni umsvif eða kostnaður.

§ 23 Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?

Um samning þennan gilda réttarreglur Sambandslýðveldisins Þýskaland.

§ 24 Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?

(1) Kæru vegna samningsins má leggja fram í þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við höfum aðsetur eða það útibú sem sér um þín mál af okkar hálfu.

Kæru vegna samningsins má líka leggja fram í þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar krafa er borin fram, eða, ef ekki er um lögheimili að ræða, býrð að staðaldri. Þetta atriði gildir ekki um lögaðila.

(2) Við getum eingöngu lagt fram kærur á hendur þér við dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili, eða, ef ekki er um lögheimili að ræða, býrð að staðaldri.

Við kærur á hendur lögaðilum ræðst dómstóllinn sem hefur lögsögu af aðsetri eða útibúi lögaðilans. Sé um fleiri varnarþing að ræða lögum samkvæmt, getum við einnig borið kærur okkar fram þar.

(3) Ef lögheimili þitt eða sá staður þar sem þú býrð að staðaldri er ekki þekkt á þeirri stundu þegar kæra er lögð fram, ræðst dómstóll sem hefur lögsögu af aðsetri okkar eða þess útibús okkar sem sér um þín mál af okkar hálfu. Hliðstætt gildir þegar tryggingartakinn er lögaðili og aðsetur hans er ekki þekkt.

C Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir áhættulíftryggingu

Hvað gildir þegar samið er um frávik við ráðstöfun hagnaðarluta?

Ef þú hefur samið um „bónus“:

Áh 1

Í stað 2. mgr. b og c § 2 kemur:

„b) Tryggður höfuðstóll í áhættulíftryggingu myndar síðan þann prósentustuðul sem notaður er til að reikna út hagnaðarhlutdeildina.

c) Trygging þín fær í byrjun hvers tryggingarárs hagnaðarhluta í mynd aukalegrar, iðgjaldsfrírrar áhættulíftryggingar (bónus) sem lýkur við lok hvers tryggingarárs eða við samningslok. Bónusinn er skilgreindur sem prósentur af tryggða höfuðstólnum eins og hann er þegar bónusinn gjaldfellur.“

Ef nú hagnaðarhlutarnir, sem ætlaðir eru til að kaupa viðbótar áhættulíftryggingu (bónus), eru eitthvert tryggingarárið lægri en árið þar á undan, til komið vegna árlegrar ákvörðunar stjórnar félagsins, getur þú hækkað umsaminn tryggðan höfuðstól svo mikið, iðgjaldsskytt og án nýrrar áhættukönnunar, að hann nái, að bónusnum meðtöldum, sömu heildarupphæð og náðist samanlagt úr tryggðum höfuðstól og bónusi og árið á undan. Ef til slíks kemur látum við þig vita í tæka tíð. Þú hefur þá sex vikna frest til að ákveða hækkinguna.

Í slíku tilfalli hækka iðgjöldin ekki í sama hlutfalli og tryggingargreiðslurnar. Hækkunin miðast við samningsatriðin eins og þau eru á hækkingardegi, einkum við reiknaðan aldur hins tryggða, við það sem eftir er tryggingartímans, við iðgjaldsgreiðslutímamann, við iðgjaldsálag ef um það var samið, og einnig við þau gjaldskrárákvæði okkar fyrir áhættulíftryggingu sem í gildi eru á hækkingardegi“.

Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

Áh 2

(1) Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga – sérstaklega varðandi tryggðan höfuðstól og fresti – við hina einstöku (hluta-)tryggingu en ekki við hópsamninginn.

(2) „Iðgjald“ í § 6 á við upphafsstöðu hópsamningsins.

(3) Réttaráhrif við vanskil sem nefnd eru í § 8 og § 9 gilda um hópsamninginn þótt aðeins sé um hlutavanskil að ræða.

(4) Umbreytingarréttinn í § 4 er aðeins hægt að nýta ef umbreytingin er gerð fyrir allar áhættutryggingar hópsamningsins eða fyrir áhættutryggingar flokks einstaklinga innan hópsamningsins sem skilgreindur er eftir hlutlægum einkennum.

(5) 1. mgr. § 16 fellur brott.

(6) 2. mgr. § 16 síðari setningarhluti gildir aðeins um tryggingar sem samið er um með áhættukönnun. Fyrir tryggingar sem samið er um án áhættukönnunar breytist 2. mgr. § 16 síðasti setningarhluti sem hér segir:

„sönnun á dánarorsök.“

Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

Áh 4

Iðgjaldsgreiðslur

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um það að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu – í þessu tilviki fellur 2. mgr. § 7 síðasta setning, brott.

Hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát

Skráð sambúð er jafn réthá og hjónaband (§ 5).

Hvað gildir ef þú hefur samið um vaxandi viðbót við þessa tryggingu?

Áh 5

(1) Eftir hvaða mælikvarða fer hækkun iðgjalda og tryggingargreiðslna?

(1) Iðgjald fyrir þessa tryggingu hækkar árlega um 3% af iðgjaldi fyrra árs.

(2) Iðgjaldshækkunin veldur hækkun tryggingargreiðslna án nýrrar áhættukönnunar. Tryggingargreiðslur úr inniföldum þáttum örorkulífeyris og höfuðstóls við andlát af slýföllum hækka – með eftirfarandi undantekningu – í sama hlutfalli og tryggingargreiðsla grunnþáttarins.

Um greiðsluhækkun örorkulífeyris – ef ekki er um ellilífeyri fyrirtækis að ræða – gildir:

Ef innifalinn árlegur örorkulífeyrir er hærri en 4,5% af tryggðum höfuðstól hækkar árlegur örorkulífeyrir aðeins um 4,5% af hækkingarupphæð tryggðs höfuðstóls.

(3) Tryggingargreiðslurnar hækka ekki í sama hlutfalli og iðgjöldin. Hækkunin miðast við samningsatriðin eins og þau eru á hækkingardegi, einkum við reiknaðan aldur hins tryggða eða hinna tryggðu, við það sem eftir er af tryggingartímanum, við iðgjaldsgreiðslutímamann, við iðgjaldsálag ef um það var samið, og einnig við þau gjaldskrárákvæði okkar fyrir tryggingar með vaxandi viðbót sem í gildi eru á hækkingardegi“.

(2) Hvenær og hve lengi hækka iðgjöld og tryggingargreiðslur?

(1) Iðgjald og tryggingargreiðslur hækka árlega á samningsdegi tryggingarinnar.

(2) Þú færð tilkynningu um hækkinguna í tæka tíð fyrir hækkingardaginn. Tryggingarvernd úr hverri hækkun hefst hækkingardaginn.

(3) Hækkunirnar verða til loka iðgjaldsgreiðslutímans, þó ekki lengur en þangað til hinn tryggði eða einn hinna tryggðu nær 55 ára reikningsaldri. Síðasta hækkun er í öllum tilfellum í síðasta lagi möguleg þremur árum fyrir lok tryggingartímans.

(3) Hvaða önnur ákvæði gilda um samning þinn og um hækkunirnar?

(1) Öll atriði sem samið er um innan ramma tryggingarsamningsins, einnig ákvörðun um réttindi viðtökufulltrúa, eiga sömuleiðis við um hækkun tryggingargreiðslna.

(2) Hækkun tryggingargreiðslna úr tryggingarsamningnum samkvæmt áætlun markar ekki nýtt upphaf þess frests sem tilgreindur er í § 13 varðandi brot á tilkynningaskyldu og í § 15 varðandi sjálfsvíg.

(3) Eftir hækkun tryggingargreiðslna er ekki hægt að lesa iðgjaldsfría tryggingargreiðslu í töflunni sem fylgir tryggingarskírteininu.

(4) Hvenær er hækkunum hætt?

(1) Hækkunin fellur afturvirkni niður ef þú mótmælir henni fyrir lok fyrsta mánaðar eftir hækkingardag eða greiðir ekki fyrsta hækkaða iðgjaldið innan tveggja mánaða eftir hækkingardag.

(2) Ef þú nýtir ekki tvo hækkingarmöguleika í röð getum við afturkallað réttinn til frekari hækkinga. Ef við höfum afturkallað réttinn til frekari hækkinga er aðeins hægt að stofna til hans að nýju með samþykki okkar. Hækkunir sem ekki voru nýttar er aðeins hægt að endurheimta með samþykki okkar. Réttinn til hækkingar getum við líka afturkallað ef iðgjald er ekki lengur greitt að fullu.

(3) Ef örorkulífeyrisþáttur er innifalinn í tryggingunni verða engar hækkunir svo lengi sem iðgjaldsgreiðsluskylda þín fellur niður í heild eða að hluta vegna örorku. Hækkunir sem orðið hafa eftir að örorka kom til eru dregnar til baka.

Allianz Lebensversicherungs-AG

Sérstakir skilmálar fyrir þáttinn eftirlifendalífeyri: Höfuðstóll við andlát af slysförum E 3

Ágæti viðskiptavinur. Eftirfarandi skilmálar skýra reglurnar sem gilda um ofangreindan tryggingarþátt.

Nema annað sé tekið fram í þessum skilmálum gilda almennir tryggingarskilmálar fyrir grunnþáttinn með sama hætti.

Allianz Lebensversicherungs-AG

Efni:

- A Sérstakir skilmálar
1. gr. Hvað er innifalið í tryggingunni?
 2. gr. Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeild?
 3. gr. Hvað flokkast undir slyss samkvæmt þessum skilmálum?
 4. gr. Í hvaða tilvikum gildir tryggingin ekki?
 5. gr. Hvaða máli skipta sjúkdómar og kvillar hjá hinum tryggða?
 6. gr. Hvað þarf að hafa í huga til að koma í veg fyrir lagalega vankanta eftir fráfall hins tryggða af slysförum?
 7. gr. Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?
 8. gr. Hvernig eru tengslin við grunnþáttinn?
 9. gr. Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?
 10. gr. Hvað gildir um uppsögn?
- B Breytingar á sérstökum skilmálum fyrir þáttinn eftirlifendalífeyri: Höfuðstóll við andlát af slysförum

A Sérstakir skilmálar

1. gr. Hvað er innifalið í tryggingunni?

Ef hinn tryggði deyr af völdum slyss á tryggingartíma þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ greiðum við þann tryggða höfuðstól sem um var samið fyrir slíkt tilvik, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- (a) slysið átti sér stað eftir gildistöku þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ og
- (b) andlátið ber að höndum
 - á tryggingartíma þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“
 - innan eins árs eftir slysið

2. gr. Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeild?

(1) Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti og þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ þar sem tryggingin hefur verið gerð iðgjaldafri, að hluta eða í heild vegna óvinnufærni, eiga ekki sérstaka hlutdeild í hagnaði.

(2) Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ með eingreiðslu iðgjalds og þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ með breytilegri iðgjaldagreiðslu eiga sérstaka hlutdeild í hagnaði samkvæmt meginreglum. Í tryggingarupplýsingunum sérðu til hvaða hagnaðarhóps tryggingarþáttur þinn telst. Háð þeirri flokkun veitum við þínum þætti hlutdeild í áunnum hagnaði í byrjun hvers tryggingarárs (árleg hagnaðarhlutdeild). Við birtum

hagnaðarhlutdeildarprósenturnar í ársreikningi okkar eða tilkynnum þér um þær sérstaklega.

Við veitum einnig þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ hlutdeild í matssjóðunum. Þeim er deilt á tryggingarnar samkvæmt orsakamiðaðri aðferð. Hins vegar falla engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir undir þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Iðgjaldahlutar sem falla undir þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eru reiknaðir þannig að þeirra er þörf til að standa undir áhættu og kostnaði. Þar af leiðandi eru engar eða aðeins óverulegar fjárhæðir fyrir hendi til fjárfestinga sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

(3) Reiknistuðlarnir, sem prósentuhlutar hagnaðarhlutdeildar vísa til, ráðast einkum af aldri hins tryggða, umsömdum tryggingartíma og þeim tryggingartíma sem þegar er liðinn, sem og upphæð tryggða höfuðstólsins í þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Þeir eru reiknaðir út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar.

(4) Hagnaðarhlutar þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ ásamt hagnaðarhlutum grunnþáttarins eru nýttir með þeim hætti sem lýst er í viðkomandi almennum tryggingarskilmálum.

3. gr. Hvað flokkast undir slyss samkvæmt þessum skilmálum?

Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama hins tryggða og gerist án vilja hans.

4. gr. Í hvaða tilvikum gildir tryggingin ekki?

(1) Meginreglan er að við greiðum bætur óháð því hvernig slysið átti sér stað.

(2) Eftirfarandi fellur þó ekki undir trygginguna:

a) Slyss sem hinn tryggði verður fyrir sökum andlegra truflana eða meðvitundartruflana, einnig ef rekja má þau til ölvunar, sem og vegna heilablóðfalla, flogakasta eða annarra krampakasta sem hafa áhrif á allan líkama hins tryggða.

Við greiðum þó óskertar bætur ef rekja má truflanirnar eða köstin til slyss sem fellur undir þessa tryggingu.

b) Slyss sem hinn tryggði verður fyrir við að fremja eða reyna að fremja glæp af ásettu ráði.

c) Slyss vegna óeirða innanlands, ef hinn tryggði hefur tekið þátt í þeim sem fylgjandi þeirra er stofnuðu til óeirðanna.

d) Slyss sem rekja má beint eða óbeint til stríðsátaka.

Við greiðum þó óskertar bætur ef hinn tryggði varð fyrir slysinu meðan hann dvaldi utan Þýskalands og tók ekki virkan þátt í stríðsátökunum.

e) Slyss sem hinn tryggði verður fyrir

- sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttataækis), ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum, eða sem annar áhafnar meðlimur loftfars,
- í starfi sínu sem vinna þarf með hjálp loftfars;
- við notkun geimfara.

f) Slyss sem rekja má beint eða óbeint til kjarnorku.

g) Slyss sem verða í beinu eða óbeinu samhengi við notkun kjarnorkuvopna, lífefnavopna eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði, ef notkunin eða losunin stefndi að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Takmörkun greiðsluskyldu okkar samkvæmt liðum f) og g) fellur niður ef um er að ræða atburð, takmarkaðan í tíma og rúmi, þar sem innan við 1.000 manns farast þegar í stað eða munu fyrir sjáanlega deyja eða hljóta varanlegan alvarlegan heilsuþrest innan fimm ára vegna atburðarins. Óháður matsmaður skal prófa og staðfesta forsendur þess að takmörkun greiðsluskyldu okkar falli niður.

h) Heilsutjón af völdum geislunar.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slyss sem fellur undir þennan tryggingarpátt.

i) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana eða inngripa eða aðgerða í öðrum tilgangi sem hinn tryggði framkvæmir eða lætur framkvæma á líkama sínum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef til þessara inngripa eða lækningameðferða, þar með taldar geislagreiningar eða geislalækningar, er stofnað vegna slyss sem fellur undir þennan tryggingarpátt.

j) Sýkingar.

Við greiðum þó óskertar bætur ef sóttkveikjurnar komust inn í líkamann vegna slysaáverka sem falla undir þennan tryggingarpátt.

Ekki teljast sem slysaáverkar húð- og slímhúðaráverkar sem eru smávægilegir í eðli sínu, og sem komast strax eða síðar inn í líkamann af völdum sóttkveikjanna, og sýkingar sem hljóttast af lækningaráðstöfunum. Þessi takmörkun á ekki við um hundæði og stífkrampa.

k) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna um kokið.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slyss sem fellur undir þennan tryggingarpátt.

l) Slyss sem eru afleiðingar sálrænna viðbragða, óháð því hvernig þau eru til komin.

m) Sjálfsvíg af ráðnum hug, þetta gildir einnig þó svo að hinn tryggði hafi framið verknaðinn í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun. Tryggingarverndin gildir hins vegar ef um er að ræða afleiðingar slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

5. gr. Hvaða máli skipta sjúkdómar og kvillar hjá hinum tryggða?

Ef andlátíð orsakaðist, auk slyssins, af völdum veikinda eða langvarandi heilsuþrests, sem nemur að minnsta kosti 25%, lækkar bótagreiðsla okkar sem þeim hluta nemur.

6. gr. Hvað þarf að hafa í huga til að koma í veg fyrir lagalega vankanta eftir fráfall hins tryggða af slysförum?

(1) Tilkynna verður okkur tafarlaust um andlát hins tryggða af slysförum – helst innan 48 klukkustunda.

(2) Til að skera úr um greiðsluskyldu okkar getum við farið fram á frekari nauðsynlegar sannanir og upplýsingar.

(3) Við áskiljum okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma skoðun eða krufningu ef þurfa þykir. Verði okkur neitað um heimild til krufningar erum við leyst undan greiðsluskyldunni, nema þegar neitunin hefur engin áhrif á ákvörðun eða umfang bótaskyldu okkar.

(4) Ef tilkynningarskyldan (1. og 2. mgr.) er brotin af ásetningi eða gáleysi erum við leyst undan greiðsluskyldunni. Þegar um vítavert gáleysi er að ræða er tryggingarfélaginu heimilt að skerða bæturnar í hlutfalli við alvarleika vanrækslunnar. Þetta á ekki við ef sannað er fyrir okkur að tilkynningar- og upplýsingarskyldan hafi ekki verið brotin af vítaverðu gáleysi. Hins vegar er okkur áfram skylt að greiða bætur ef brotið gegn skyldunni hefur engin áhrif á ákvörðun eða umfang bótaskyldu okkar.

Réttur okkar til að greiða ekki bætur, í heild eða að hluta til, gildir aðeins ef við höfum upplýst þig skriflega um þessi réttaráhrif.

7. gr. Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?

(1) Veita verður okkur nauðsynleg sönnunargögn um tildrög slyssins og afleiðingar slyssins svo ákvarða megi bótaskylduna. Auk þess er okkur heimilt að afla sjálf nauðsynlegra gagna.

(2) Okkur er skylt að lýsa því yfir innan eins mánaðar hvort og að hve miklu leyti við viðurkennum kröfu. Fresturinn hefst þegar við fáum nauðsynleg sönnunargögn og að lokinni nauðsynlegri gagnaöflun.

8. gr. Hvernig eru tengslin við grunnþáttinn?

(1) Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ myndar eina heild ásamt grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án grunnþáttarins. Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ fellur niður þegar grunnþættinum lýkur, í síðasta lagi þegar lífeyristaka hefst úr grunnþættinum.

Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ með skyldugreiðslu iðgjalds fellur einnig niður þegar umsómdum iðgjaldsgreiðslutíma lýkur.

Þegar um er að ræða tryggingar sem innihalda þætti fyrir lífeyri vegna óvinnufærni gildir þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ þó áfram ef grunnþátturinn er iðgjaldsfrír að hluta eða í heild vegna óvinnufærni hins tryggða.

(2) Ef iðgjald iðgjaldsskylda grunnþáttarins hefur verið lækkað og greiðslur úr grunnþættinum þar með skertar, lækkar einnig tryggingarverndin í þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar, niður í upphæðina sem samsvarar þeim hluta grunnþáttarins sem iðgjaldið er framvegis greitt fyrir.

(3) Ef greiðsla úr grunnþættinum skerðist vegna undanþágu frá greiðslu iðgjalds eða vegna iðgjaldslækkunar er hægt að fara fram á, innan 6 mánaða, að þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ verði endurvakinn gegn eingreiðslu iðgjalds eða að tryggður höfuðstóll þáttarins verði aftur hækkaður og að fyrri tengslum bótagreiðslu úr þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ við greiðslu úr grunnþættinum verði komið aftur á. Við veitum þér upplýsingar um forsendur og áhrif ef óskað er.

9. gr. Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

Ekki er hægt að gera þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ iðgjaldsfrían. Ef grunnþátturinn er gerður iðgjaldsfrír fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ niður.

10. gr. Hvað gildir um uppsögn?

(1) Hægt er að segja eingöngu upp þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Í því tilviki átt þú hins vegar hvorki rétt á endurkaupsvirði né iðgjaldsfrírri greiðslu.

(2) Ef þú segir upp allri tryggingunni greiðum við þér endurkaupsvirðið, ef það er til staðar.

Endurkaupsvirði tryggingarinnar samanstendur af endurkaupsvirði grunnþáttarins og endurkaupsvirði annarra innifalinnna þátta.

(3) Endurkaupsvirði þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ er bótahöfuðstóll þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ reiknaður út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar á reikningsgrundvelli iðgjaldaútreikningsins. Við það myndast enginn frádráttur.

B Breytingar á sérstökum skilmálum fyrir þáttinn eftirlífendalífeyrir: Höfuðstóll við andlát af slysförum

Hvað gildir ef um er að ræða grunnþátt með eftirfarandi þáttum fyrir elli- og eftirlífendalífeyri: „Invest alpha-Balance framtíðarlífeyri“ eða „Invest framtíðarlífeyri“?

KU 1

Í stað 4. mgr., 2. gr. kemur:

„(4) Með hagnaðarhlutum þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ kaupum við sjóðshluti samkvæmt skiptingu að þínu vali og bætum þeim við viðkomandi fjárfestingarsjóði.“